



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. júní 2024

2405022SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þingsályktun um ferðamálastefnu, 1036. mál

Vísað er til umsagnaferlis atvinnuveganefnd Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030.

Að mati sambandsins er tillagan og aðgerðirnar sem henni fylgja heilt yfir jákvæðar og í ágætis samræmi við stefnumörkun sambandsins í málaflokkunum.

Sambandið gerir þó verulegar athugasemdir við aðgerð B.4 Afnáam gistináttaskatts.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 segir:

„Tryggja þarf að tekjur af gistináttaskatti renni til sveitarfélaga“

Í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a.:

„Unnið verður að breytingum á fyrirkomulagi gistináttagjalds í samvinnu við greinina og sveitarfélögin með það að markmiði að sveitarfélögin njóti góðs af gjaldtökunni.“

Umrædd aðgerð B.4. er því bæði í andstöðu við stefnumörkun sambandsins og samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar.

Sveitarfélögin hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að tekjustofnar þeirra verði breikkaðir og styrktir og hefur gistináttaskatturinn verið nefndur í því sambandi eins og sjá má t.d. í [umsögn](#) Sambandsins um fjármálaáætlun sem nú er til meðferðar á þinginu.

Ef það er vilji Alþingis að gistináttaskattur verði afnumin og önnur skattlagning eða gjaldtaka tekin upp í staðinn þá leggur Sambandið höfuðáherslu á að tryggt verði að sveitarfélög njóti góðs af nýjum gjaldstofni. Verð niðurstaðan hins vegar sú að gistináttaskatturinn verði áfram við lýði þá verði einnig tryggt að tekjur af honum renni til sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur